



**„Hin heimskulega og skammsýna rányrkjustefna
verður að víkja.“**

Fimmtíu ára sjónarmið í fullu gildi.

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Sjávarútvegsdeginum**

**Hörpu
19. október 2021**

Ágætu áheyrendur.

Hinn 1. september næsta ár verður hálf öld liðin frá því að við Íslendingar færðum fiskveiðilögsögu okkar út í 50 sjómílur. Íslandsmið komust þá að mestu undir íslensk yfirráð. Að vísu streittust Bretar og Vestur-Þjóðverjar á móti eins og fyrri daginn og það var ekki fyrr en árið 1976, eftir útfærslu í 200 mílur og enn eitt þorskastríðið, að lokasigur náðist.

Ekki ætla ég að rekja alla þessa sögu hér en vissulega er hún merk og þess virði að við höldum henni á lofti, þó ekki væri nema til að læra af henni. Sama má segja um aðdragandann, fyrri aðgerðir í landhelgismálum og þá knýjandi nauðsyn sem rak ráðamenn áfram á sínum tíma.

Þessum þætti þjóðarsögunnar hafði ég sinnt nokkuð í fyrri störfum og ætlaði að bæta um betur þegar örlögin leiddu mig á aðra braut fyrir rúmum fimm árum. Síðan hef ég þó reynt að finna stopular stundir til skrifa og nái ég settu marki kemur út rit mitt á næsta ári um sögu landhelgismálsins frá árinu 1961, þegar fyrsta þorskastríðinu lauk og friður fékkst um 12 mílna lögsögu umhverfis landið, til útfærslunnar í 50 sjómílur.

Þetta erindi verður styttra en bókin. Byrjum árið 1961, þegar við fögnuðum sigri í fyrsta þorskastríðinu. Næstu ár stórjukust fiskveiðar um öll heimsins höf. Árin 1950–1970 fór samanlagður heildaraflur 20 milljónum

tonna í tæp 70 og fleiri ríki létu að sér kveða í þeim efnum, ekki síst Sovétríkin sálugu, önnur astantjaldsríki og Japan, svo dæmi séu tekin. Hér heima gerðist það um leið að allir, sem vettlingi gátu valdið, fóru á síld en það ævintýri fékk sorglegan endi. Hrun norsk-íslenska síldarstofnsins undir lok sjöunda áratugarins má að mestu rekja til gegndarlausrar ofveiði. Um leið tóku margir að óttast, valdhafar og embættismenn, fiskifræðingar og sjómenn, að á sömu lund gæti farið með þorskinn og jafnvel fleiri tegundir.

Í aðdraganda alþingiskosninga vorið 1971 var ljóst að tekist yrði á um næstu skref í landhelgismálum. Svo fór að þeim tókst að mynda stjórn sem vildu tafarlauser aðgerðir. Ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna tilkynnti að 1. september 1972 yrði fiskveiðilögsagan færð út í 50 sjómíllur. Sumarið 1972 var því spennu í lofti. Hvernig myndi takast til að koma útlendingum af miðunum? Það myndi skipta sköpum. Hinu mætti þó ekki gleyma að þegar þar að kæmi að við sætum ein að auðlindinni þyrftum við að ganga vel um hana.

Ég tek hér sem dæmi greinargerð Ingvars Hallgrímssonar, sem lengi vann hjá Hafrannsóknastofnuninni, til Jóns L. Arnalds, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, í júlilok 1972. Nauðsynlegt verður „að veiða með forsjá“, sagði Ingvar, annars fari allt í sama horf með offjórffestingu og ofveiði. „Við hinar breyttu aðstæður getum við stjórnað þróuninni í stað þess að vera þolendur hennar,“ skrifaði Ingvar áfram og þau sjónarmið hljóta að teljast í fullu gildi enn þann dag í dag. Sama gildir væntanlega líka um lokaorð hans: „Ný og skynsamleg viðhorf verða að ráða í þessum málum. Hin heimskulega og skammsýna rányrkjustefna verður að víkja.“

Þess vegna höfum við fiskveiðistjórnunarkerfi þótt vissulega megi deila um hvernig það skuli útfært. En óheft sókn, það hlaut að vera liðin tíð fyrir fimmtíu árum. Reyndar tók það okkur nokkur ár eftir fullnaðarsigur í þorskastríðunum að átta okkur á þeirri staðreynd en nú efast vart nokkur maður um nauðsyn fiskveiðistjórnunar.

Sumarið 1972 þóttumst við Íslendingar líka sjá að við gætum notið góðs af því að aðrir voru að ryðja brautina með okkur. Löngu fyrr höfðu þjóðir í Mið- og Suður-Ameríku lýst yfir 200 mílna lögsögu. Síðar, og einkum á sjöunda áratugnum, fylgdu mörg nýfrjáls ríki í Afríku og Asíu í kjölfarið þótt þau væru ekki eins stórtæk. En sú stefna var skýr, að ríki skyldu ráða yfir þeim auðlindum sem finna mætti á hafinu undan ströndum þeirra, að flotar fjarlæggra þjóða mættu ekki sækja á þau mið hömlulaust, slíkt væri arðrán sem þyrfti að stöðva.

Þannig málflutning hlutum við Íslendingar að styðja, og hljótum enn að styðja. Hverfum aftur um stund til sumarsins 1972. Þá ítrekuðu strandríki Afríku að þau hefðu fullan rétt til að taka sér efnahagslögsögu sem næði yfir landgrunn þeirra og utar ef þurfa þætti. Fregnir af því rötudu til embættismanna okkar á

alþjóðavettvangi. Og þarna áttum við bandamenn í okkar eigin baráttu. Þeirra málstaður varð okkar málstaður og aftur hljóta hálftrar aldar sjónarmið að teljast í góðu gildi.

Góðir áheyrendur: Hér hef ég varpað upp tveimur skyndimyndum frá sumrinu 1972, sjónarmiðum um skynsamlega stjórnun fiskveiða og yfirráð strandríkja yfir eigin auðlindum, borgurum til hagsbóta þegar rétt er að málum staðið.

Svo rann upp hinn mikli dagur, 1. september 1972. Fært var út í 50 mílur og við tóku erjur á miðunum en ári síðar náðist sátt við Breta. Að vísu lá við stjórnarslitum hér heima út af þeim lyktum – í landhelgismálum voru málamiðlanir ætíð illa séðar – og áfram þurftum við að sækja fram, með útfærslu í 200 mílur 1975 og síðasta þorskastríðinu sem lauk sumarið eftir.

Allt er það önnur saga sem við getum kannski farið yfir á næsta sjávarútvegsdegi í ljósi þess frá hve mörgu er hægt að segja. Ég lýk þessu máli mínu hér þó með því að horfa björtum augum fram á veg. Við Íslendingar getum látið svo gott af okkur af leiða á sviði sjávarútvegs. Við vinnum sífellt að því að gera veiðar okkar vistvænni, við kappkostum að gernýta aflann og við höfum tækifæri til að hjálpa öðrum á framfarabraut, rétt eins og við nutum samstöðu og sameiginlegra hagsmuna fyrir hálfri öld. Þróunarsamvinna Íslands á sviði sjávarútvegs hefur gengið misvel, satt er það, en ég nefni hér nýlegt verkefni sem virðist lofa góðu, notkun á íslensku hugviti við uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfis í Karíbahafi. Með slíku samstarfi standa vonir til að sjálfbærar veiðar dafni á þeim slóðum, og hagsæld aukist þá um leið.

Við þurfum líka áfram að vinna með öðrum ríkjum að skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu sjávarfangs um víða veröld. Þótt strandríki heimsins hafi fært út kvíarnar á sínum tíma er meginhluti hafsvæða enn utan lögsögu einstakra ríkja. Í þeim smugum og víðernum má ekki heldur stunda heimskulega og skammsýna rányrkju.

Við Íslendingar eigum að vera í fararbroddi. Við eigum að vera málsvavarar vistvænna veiða, við eigum að sýna í orði og verki að við kunnum að umgangast auðlindir sjávar, við eigum að vera öðrum öflug fyrirmynd. Sjávarútvegsdagurinn getur stuðlað að því. Góðar stundir.